

AUGLÝSING um deiliskipulag í Grundarfjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þann 1. nóvember 2017 eftirfarandi deiliskipulag:

Sólvallareitur – iðnaðarsvæði.

Skipulagssvæðið er á Framnesi og er það skilgreint sem iðnaðarsvæði samkvæmt gildandi aðal- skipulagi Grundarfjarðarbæjar 2003-2015. Svæðið er 1,1 ha að stærð og miðast við mælingu út í miðlínu aðliggjandi gatna. Þrjár lóðir eru á svæðinu. Við Sólvelli 2, lóð A, er iðnaðarhús, en samkvæmt nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á lóð A. Á lóð B við Nesveg 13 er íbúðarhús með tveimur íbúðum og á lóð C við Nesveg 9 stendur einbýlishús.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem mælt er fyrir um samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Grundarfjarðarbæ, 16. janúar 2018.

Borsteinn Birgisson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 18. janúar 2018